
FUNDARGERÐ

Fundur: 105. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 30. október 2014, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður: Orkustofnun
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Kostnaður vegna skorts
3) Áætlun ársins 2015.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Magnús Júlíusson, Orkustofnun
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
EFLA: Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir
Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

105 fundur START hópsins.

- 1) Skráning truflana er í hefðbundnum farvegi hjá veitunum.
- 2) Kolbrún fór yfir skýrslu „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2014 og 2015“. Áætlaður heildarkostnaður raforkunotenda af rafmangleysi vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfinu er tæpur 1 milljarður króna á árinu 2013. Útreikningar miðað við 5% vísitölu fyrir árin 2014 og 2015, ákveðið að breyta þessu viðmiði í 3%. Umræður spunnust um áhrif af hugsanlegu gosi í Bárðarbungu sem færi niður í Þjórsá, og hvort tölur í þessari skýrslu gætu metið þann kostnað. Kjartan spurðist fyrir um meðalkostnað án stóriðju. Kolbrún vísaði í töflu 4.3. Egill veltir því fram hvort sýna ætti kostnað eftir afhendingarstað Landsnets. Benedikt nefnir að senda ætti skýrsluna á opinbera aðila.
- 3) Ingvar fór yfir áætlun um starfið á árinu 2015 og rauntölur um vinnu ársins 2014 sem verður líklega á áætlun vegna sameiginlegra verkefna en aðeins yfir áætlun fyrir sérgreind verkefni á fyrirtæki. Farið var yfir skiptingu kostnaðar eftir fyrirtæki.

Áætlunin var samþykkt með þeim fyrirvara að aðilar/fundarmenn hafa viku til að koma með athugasemdir.

4) Undir liðnum önnur mál.

a) „*Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2004-2013*“. Kjartan spyr um tölfraði í skýrslunni á truflunum sem vara lengur en 3 mínútur. Ingar nefnir að gerðar voru breytingar á skýrslunni sem var gefin var út í ár, þar sem komið er móts við óskir RARIK.

b) *HS-veitur og skáningarkerfi*. HS-veitur byrjuðu að skrá truflunaskýrslur í DMM kerfi eins og OV gerir, í byrjun ársins. Þeir sögðu upp START kerfinu í febrúar. Sjá afgreiðslu uppsagnar í fundagerð frá 8. maí 2014. Frá og með þessum fundi mun HS-Veitur ekki greiða kostnað við START kerfið.

c) *Ný vefsíða START hóps*. Ingar óskar eftir myndum, s.s. af rekstrartruflunum, sem hægt væri að birta á vefsíðu hópsins.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 16. apríl 2015, hjá HS Veitum. Egill ákveður fundarstað.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2014 og 2015.
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2015, Verkefnishandbók

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2014 og 2015.“

Verkefni:

Umsjón	Verkefni